



Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, annars vegar og samtökin Móðurmál, kt. 421101-2990, hins vegar, gera með sér svohljóðandi

### **Samstarfssamning**

1. gr.

#### **Markmið**

Í lögum nr. 91/2008, um grunnskóla og lögum nr. 19/2013, um samning sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er kveðið á um mikilvægi þess að viðurkenna kunnáttu barna í móðurmáli sínu og veita þeim tækifæri til að viðhalda því. Í aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir: „Mikilvægt er að bjóða nemendum kennslu í eigin máli þar sem þeir eiga þess kost að læra um mál, bókmenntir og menningu og fá þjálfun í málnotkun.“ Lykillinn að því að börn þrói með sér virkt tvítyngi, þ.e. sterkt móðurmál um leið og þau læra íslensku sem annað tungumál, er falinn í góðu samstarfi foreldra og kennara um þróun máls og læsis. Markmið þessa samnings er að styðja við móðurmál tvítyngdra barna og auka möguleikann á því að börn þrói með sér virkt tvítyngi.

2. gr.

#### **Styrkur skóla- og frístundasviðs og framlag Móðurmáls.**

Móðurmál fær afnotarétt af hluta húsnæðis skóla- og frístundasviðs í Fellaskóla og Hólabrekkuskóla til kennslu tvítyngdra barna á laugardögum skólaárin 2023-2024, 2024-2025 og 2025-2026. Notkun lykur við skólaslit að vori og hefst að nýju að hausti við upphaf skóla. Notkun húsnæðisins verður ákveðin í samráði Móðurmáls við stjórnendur á hverjum stað.

Nýting húsnæðis skóla- og frístundasviðs verður Móðurmáli að kostnaðarlausu en metin innri leiga sem samtökunum er veitt í styrk vegna þessa er kr. 1.000.000,- á ári. Jafnframt er greiddur kostnaður vegna húsvörslu og þrifa í skólanum kr. 1.250.000,- til hvors skóla á ári. Mótframlag samtakanna er í formi fræðslu til foreldra og kennara í leik- og grunnskólum og til frístundaráðgjafa um mikilvægi móðurmáls í námi barna. Einnig greiðir skóla- og frístundasvið styrk fyrir skráningu bókakosts bókasafns Móðurmáls í Gegni að upphæð kr. 225.000,- á ári hverju, eigi síðar en í júní.

Í samstarfi móðurmáls og fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs verður gerð áætlun um fræðslu til foreldra, leik- og grunnskólakennara og frístundaráðgjafa í Reykjavík um mikilvægi móðurmáls.

3. gr.

#### **Upplýsingar um stöðu verkefna**

Í lok hvers skólaárs skilar Móðurmál skóla- og frístundasviði greinargerð um framkvæmd áætlunar um fræðslu til foreldra, leik- og grunnskólakennara og frístundaráðgjafa í Reykjavík um mikilvægi móðurmáls.



4. gr.

**Notkun húsnæðis og ábyrgð á tjóni**

Móðurmál ábyrgist að öll umgengni í húsnæði skóla- og frístundasviðs verði til fyrirmyndar. Tryggt verði að nemendur Móðurmáls verði ávallt undir eftirliti kennara eða annarra forsvarsmanna samtakanna á meðan þeir dvelja í húsnæði skóla- og frístundasviðs. Móðurmál ber alla ábyrgð á starfsemi sinni sem fram fer í húsnæðinu.

Verði tjón á leigutíma Móðurmáls á eigum starfsstaða, sbr. 2. gr. s.s. á tækjum, húsbúnaði og bókum eða hlutum í eigu annarra sem eru í vörslu þessara starfsstaða skal Móðurmál bæta tjónið, teljist Móðurmál bera skaðabótaábyrgð á tjóni samkvæmt skaðabótalögum.

Tekin verður ákvörðun um opnun og lokun húsnæðis fyrir starfsemi Móðurmáls í samráði við stjórnendur á hverjum starfsstað, sbr. 2. gr.

5. gr.

**Vanefndir**

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að rifta samningnum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannarlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu samningsaðila.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samnings þessa skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

6. gr.

**Force Majeure**

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

7. gr.

**Gildistími, reglur o.fl.**

Um samninginn gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki, samþykktar í borgarráði þann 25. maí 2017, með síðari breytingum. Geta skal þess í kynningarefni að verkefnið njóti styrks frá Reykjavíkurborg.

Skv. reglum Reykjavíkurborgar um styrki skulu þeir, sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg, skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar. Sérstaklega skal greint frá því hvaða áhrif styrkurinn hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks, sbr. mannréttindastefnu Reykjavíkur. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði <http://www.reykjavik>

Skv. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar eru styrkir borgarinnar bundnir því skilyrði að unnið sé gegn mismunum og að jafnrétti. Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar getur krafist



viðtakanda styrks um greinargerð um ráðstöfun hans til að fylgjast með því að hann sé nýttur á jafnréttisgrundvelli.

Samningurinn gildir til þriggja ára vegna skólaáranna 2023-2024, 2024-2025 og 2025-2026 og lýkur þann 1. júní 2026. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila hvenær sem er á samningstímabilinu með 1 mánaða fyrirvara miðað við næstu mánaðamót eftir uppsögn. Uppsögn skal vera skrifleg.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, sitt handa hvorum samningsaðila.

Reykjavík, \_\_\_\_\_ 2023

\_\_\_\_\_  
F.h. skóla- og frístundasviðs

\_\_\_\_\_  
F.h. Móðurmáls

Vottar að réttri dagsetningu, undirritunum og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt.

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_